

Tilfni: Mál nr. 144/2020. Umsögn um breyting á lögum um kynrænt sjálfræði (ódæmigerð kyneinkenni)

Trans Ísland var stofnað árið 2007 hefur staðið vörð um réttindi trans fólks í hvívetna, bæði í félagslegum sem og lagalegum skilningi. Félagið spilaði lykilhlutverk við gerð fyrri laga er snéru að réttindum trans fólks, þ.e. lög um réttindi einstaklinga með kynáttunarfæðingum 57/2012 sem hafa nú fallið úr gildi, og einnig í nýjum lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019, en frumvarpshópurinn var að stóru leyti leiddur af grasrótar hreyfingum hinsegin samfélagsins.

Trans Ísland vill byrja á því að fagna niðurstöðu nefndar um að veita nær öllum ungmennum líkamlega friðhelgi, en frumvarpshópurinn sem vann upprunalegu lögin sem lögð voru fram lögðu gegn gagngert bann við óþarfa inngripum á kyneinkennum allra barna. Trans Ísland harmaði því niðurstöðu Alþingis um að sú grein yrði sett í nefnd í stað þess að það yrði lögleitt strax, enda líkamleg friðhelgi ein af undirstöðum frumvarpsins frá upphafi. Á þeim tíma sem nefndin var við störf eru allar líkur á því að börn með ódæmigerð kyneinkenni hafi þurft að sæta óþarfa inngrip sem munu koma til með að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir þau síðar meir, bæði andlega og líkamlega.

Fólk með ódæmigerð kyneinkenni hefur lengi þurft að sæta slík inngrip og hefur þeim jafnframt oft verið leynt af heilbrigðisyfirvöldum. Erfitt hefur verið fyrir fólk að nálgast sjúkraskýrslur eða upplýsingar um þau inngrip sem voru gerð. Það hefur því lengi ríkt mikil leynd í þessum málaflokki, sem hefur haft alvarlegar andlegar og heilsufarslegar afleiðingar fyrir fólkið sem hefur sætt þessi inngrip svo áratugum skiptir.

Trans Ísland vill því leggja fram að fólk sem hefur þurft að sæta slík inngrip geti leitað réttar sín eftir á án takmarkana, enda fjöldinn allur af fólki sem situr eftir með alvarlegar heilsufarslegan vanda sem hefði verið hægt að forðast ef inngripin hefði ekki verið gerð—inngripum sem þau voru jafnframt oft leynd svo áratugum skipti. Heilbrigðiskerfið verður að geta horfst í augu við þessi grófu mannréttindabrot á líkamlegri friðhelgi fólks og er mikilvægt að fortíðin sé gerð upp gagnvart því fólki sem illa meðferð þurfti að sæta.

Trans Ísland harmar einnig að nefndin hafi ekki gengið lengra og veitt öllu fólki með ódæmigerð kyneinkenni líkamlega friðhelgi. Félagið vill því biðla til Alþingis að gengið verði lengra en nefndin leggur til og að fólk með stutta þvagrás/reðurhúfuneðanrás (e. hypospadias) og fólks með vanvöxts á typpi (e.

micropenis) hljóti einnig líkamlegrar friðhelgi og engin inngrip verði leyfð nema með leyfi fólksins sem á í hlut.

Trans Íslandi finnst þær undantekningar vera í mótsögn við anda laganna og fyrirhugaðra breytinga, en kveðið er á um að ekki sé leyfilegt að gera breytingar á kyneinkennum barna út frá félagslegum, sálfélagslegum og útlitslegum ástæðum. Félagið setur því spurningarmerki við að gerðar séu undantekningar þar á, enda spili svo sannarlega félagslegar, sálfélagslegar og útlitslegar ástæður þar inn í.

Trans Ísland hvetur því til þess að öllum einstaklingum verði tryggð líkamleg friðhelgi og engar undantekningar verði gerðar á þeirri reglu. Það var ætíð tilgangur lagana að öllu fólki yrði tryggð þau vernd og aðgangur að heilbrigðisþjónustu sem þau þurfa á að halda, í samræmi við þeirra eigin upplifun og þarfir. Við viljum því halda því til streitu að lögin muni ekki sinna þeim tilgangi til fulls nema að slíkt bann komi til með að verða lögleitt.

F. h. Trans Íslands, félags trans fólks á Íslandi
Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir,
Formaður

